

IS Sértryggð skuldabréf



1. október 2021

Markmið og fjárfestingarstefna


IS Sértryggð skuldabréf er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta sem fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum, ríkisskuldabréfum og innlánnum fjármálafyrirtækja. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í innlánnum fjármálafyrirtækja að hámarki 20%.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu, lykilupplýsingum hans eða hjá söluaðilum sjóðsins.

Fjárfestingarheimildir

Sértryggð skuldabréf	50-75%	71,3%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	15-50%	24,5%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-20%	
Laust fé		4,2%

Eignasamsetning



Stærstu eignir

ISLA CBI 28	8,1%
LBANK CBI 28	7,5%
ISLA CBI 26	6,2%
RIKB 25 0612	6,0%
ISLA CBI 24	5,9%

Almennar upplýsingar


Stofnár	2015
Stærð [m.kr.]	11.296
Tegund sjóðs	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000026425
Auðkenni	CB-SJODUR

Sjóðstjórar	Helga Óskarsdóttir Ingólfur S. Kristjánsson
Viðskiptatími	10:00-15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Lágmarkskaup	10.000 kr
Lágmarkskaup í áskrift	5.000 kr
Árleg umsýjónarlaun	0,9%
Kostnaður við kaup	1,0%
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

Tölfræði


Áhættuflokkun	2/7
Meðaltími eignasafns, ár	4,3
Verðtryggingarhlutfall	59%

Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
1 mán	0,6%	
3 mán	1,1%	
6 mán	1,9%	
1 ár	1,9%	1,9%
2 ár	11,3%	5,5%
5 ár	35,7%	6,3%
Frá áramótum	2,9%	
Frá stofnun*	43,2%	6,3%

Gengisþróun



Nánari upplýsingar

Íslandssjóðir hf.
Hagasmára 3, 201 Kópavogi
Sími: 440-4920
www.islandssjodir.is

Söluaðili:
Íslandsbanki hf.
www.isb.is

*Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 30. nóvember 2015.

Áhætta og fyrirvari

Upplýsingar í samræmi við 47. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða

Áhættustýring Íslandssjóða framkvæmir reglulega álagspróf fyrir sjóði Íslandssjóða. Álagspróf metur áhrif ólíkra sviðsmynda á eignasafn sjóða auk þess sem lausafjárstaða sjóða er skoðuð m.t.t. innlausnarskyldu og seljanleika eigna.

Áhættustig sjóða er metið út frá því hversu miklar sveiflur eiga sér stað í ávöxtun sjóðanna. Flokkunin byggir á áhættumælikvarða sem grundvallast af leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnunarinnar (e. ESMA) og Fjármálaeftirlitsins. Flokkur 1 endurspeglar þannig minnstu sveiflur í ávöxtun og þar með minnstu áhættuna en flokkur 7 þá mestu. Áhættustýring hefur daglegt eftirlit með fjárfestingarheimildum sjóðanna og hvort fjárfestingar eru innan áhættumarka. Fari sjóður yfir mörk, t.d. vegna markaðsaðstæðna eða inn- eða útlæðis í sjóðinn, er sjóðstjóra gert viðvart án tafar og framkvæmdar viðeigandi ráðstafanir til að koma sjóði aftur inn fyrir heimildir. Sé um brot á heimildum skv. lögum er það tilkynnt til Fjármálaeftirlits.

Fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflökts gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Gengi og ávöxtun sjóðsins er einnig háð þróun markaðsvaxta. Ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fleiri áhættuþættir hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum svo sem seljanleikaáhætta, greiðsluáhætta, uppgjörshætta, vörsluáhætta, áhætta tengd smæð markaðar, verðbólguáhætta og áhætta vegna ytri aðstæðna. Nánari umfjöllun um áhættuþætti er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu IS Sértryggð skuldabréf, sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikið. Útboðslýsing og lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru aðgengileg á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is.

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.